

Nd.

334. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo: Kostnaður við hreppavegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 10 kr. árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu, sem er.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra eða allt að 40 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það var áður svo, að hver verkfær karlmaður var látinn leggja eitt dagsverk árlega til hreppavega Síðar voru 2 kr. settar í stað dagsverksins, enda dagsverk þá metið um 2 kr. En sums staðar var dagkaup þá hærra, og því var hreppsnefndum heimilað að ákveða hreppsvegagjaldið hærra eða allt upp í 5 kr. Þó að vegir, sem áður voru sýslu- og hreppavegir, hafi síðan orðið rikissjóðsvegir, þá hafa hreppavegir lítið stytzt, því að nýir hafa komið til. Auk þess hafa kröfur manna um að hafa vegina góða og gera þá sem fyrst bilfæra aukizt, og má því öllum vera ljóst, hve fráleitt það er að hafa framlag til þeirra hlutfallslega miklu lægra en áður var. Þó hef ég lagt til, að lögboðna gjaldið yrði aðeins ca. $\frac{1}{4}$ úr dagkaupi, og er það gert með tilliti til þess, að til muni vera hreppar, þar sem vart er þörf fyrir hærra gjald. Hins vegar er hreppsnefnd heimilað að hafa gjaldið hærra, og er þess þá að vænta. Þó sú heimild verði notuð eftir því, sem vilji er til í hverjum hreppi.